



Jón Sveinsson

Bjarni Benediktsson – Jón Sveinsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-8, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Sveinsson

cand. jur. hdm.
fr. bæjarstjóri.

Simar: 358 skrifstofan
19 heima

Akureyri 12. jan. 1945.

Kæri borgarstjóri!

Gleðilegt ár og þökk fyrir gamla árið.

Ég hefi sótt um bæjarfógetaembættið á Akureyri og skrifað Ólafi Thors, og skorað á hann að efna nú loforð sitt og veita mér embættið. Ég hefi einnig skrifað þeim Jakob Möller, Sigurði dýra og Pétri Magnússyni, og skorað á þá til fylgis við mig. Ég sendi þér afrit af bréfunum til gömlu ráðherrana, þeirra Ólafs og Jakobs. Þar sést hvaða ástæður ég færi fram, máli mínu til stuðnings, og hvað ég vil að sé íhugað. En sérstaklega vona ég fast, að þú dugir mér vel. Ég vissi að enginn dugði mér betur en þú, þegar mér var veitt skattdómaraembættið. Ég setti upp, að ég tæki við því embætti um stundarsakir, og héldi fast við að mér yrði veitt bæjarfógetaembættið þegar það losnaði. Þótt Finnur Jónsson sé dómsmálaráðherra, dylst engum að forsætisráðherrann, og sérstaklega með atbeina miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins, getur endanlega ráðið, hver embættið hreppir. Fer nú margt að breytast í síðum og háttum þjóðarinnar, ef loforðum fyrrmanna má alls ekki treysta. Slíkt er aumt tímanna tákni, einmitt nú, þegar við á ný erum orðnir algerlega sjálfráða. Eiga þeir að verða hér foringjær, sem innleiða Sturlungaraldarhátt í efndum og drengskap. Slíkt mega góðir og áhrifaríkir menn ekki líða. Drengskapurinn og efndirnar eiga að vera fyrir öllu. Eða hvað heldur þú að sá hefði gert í sporum Ólafs Thors, sem þetta er kveðið um:

"Einn vér lítum uppi standa,
Íturfríðann, snilli valinn.
Benedikt ið bjarta höfuð,
breiða ljóma yfir salinn."

Ætli sá maður, hefði hann haldið áfram að hafa áhrif í sölum Alþingis, hefði ekki ýtt undir þann forsætisráðherra, sem hannstuddi og veitti drýgst brautargengi, að halda gefin loforð. Ég hygg hann hefði ekki til lengdar viljað styðja þann mann.

Ég treysti þér í lengstu lög að sjú um að Sjálfstæðisflokkurinn verði ekki blettaður af vanefndum.

Vertu blessaður og sáll, þinn einl.

Jón Sveinsson